

Ed.

107. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin er sammála um, að Neskauptún geti ekki lengur unað við það fyrirkomulag, er gildandi sveitarstjórnarlög ákveða, og verði ekki úr því atriði bætt nú þegar, þá standi sveitarstjórnarfyrirkomulagið kaupúninu mjög tilfinn-lega fyrir þrifum, bæði menningarlega og heilbrigðislega, sem og fjárhagslega.

Aftur á móti er nefndin ekki á eitt sátt um, á hvern hátt heppilegast muni greitt úr þessum vandkvæðum kaupúnsins.

Einn nefndarmanna, J. P., telur, að fyrirkomulaginu eigi að breyta á annan hátt en frv. þetta gerir ráð fyrir. Meiri hluti nefndarinnar, þeir I. P. og J. Bald., telja, að aðrar umbætur en þær, er fram koma með frv. þessu, verði aldrei annað en kák eitt, að því er þetta kaupún snertir, og endanleg lausn málsins verði sú ein, að því verði veitt bæjarrjettindi. Þar af leiðandi líta þeir svo á, að dráttur á afgreiðslu málsins á þann hátt leiði aðeins af sjer kostnað fyrir ríkið og óþægindi fyrir kaupúnið.

Er það því tillaga meiri hlutans, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 1. málslíður greinarinnar orðist þannig:
Í Norðfjarðarkaupstað skal skipaður bæjarfógeti með 2500 kr. byrj-
unarlaunum, sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300
kr. og 400 kr. upp í 3500 kr., er greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 7. gr. Í staðinn fyrir orðið »þegar« í síðasta málslíð greinarinnar komi: þá.
3. Við 8. gr.
 - a. Orðin »ef því verður við komið« í þriðju málsgrein, falli niður.
 - b. Fyrir orðið »samþykkir« í niðurlagi greinarinnar komi: staðfestir.
4. Við 11. gr. Fyrir orðið »sáttasemjara« í niðurlagi greinarinnar komi: sátta-
nefndarmanna.
5. Við 19. gr. Orðin »með öllum fylgiskjölum« í niðurlagi greinarinnar falli
niður.
6. Við 22. gr. Niðurlag greinarinnar orðist þannig:
Þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.
7. Við 23. gr. Greinin orðist þannig:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmánaðar 1929. Gerir stjórnarráðið ráð-
stafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
skrifari og framsm.